

Spjall Ari

Spjall **Ari** gefur þér færi á svörum með aðstoð gervigreindar Chatgpt. Hafðu í huga að hann gefur aðeins vísbendingar sem getur verið gott að ræða við sérfræðing.

Spjall **Ari** er ekki læknir.



Nýr vefur Astma- og ofnæmisfélags Íslands kominn í loftið

Astma- og ofnæmisfélag Íslands hefur nú sett nýjan vef í loftið. Um er að ræða umfangsmikinn fræðslu- og upplýsingavef sem hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið og markar mikilvægt skref í miðlun efnis til félagsmanna og almennings.

Á nýja vefnum er að finna mikið magn fræðsluefnis um astma, ofnæmi, exem og tengd málefni. Eldra efni og fréttir hafa verið yfirfærð eins og kostur var, jafnframt því sem nýtt efni hefur verið sett inn. Ljóst er að slíkt verk er stórt í sniðum og því eru enn í gangi yfirferðir, meðal annars á tenglum og uppsetningu efnis, eftir opnun vefsins.

„Við erum heilt yfir mjög ánægð með nýja vefinn, bæði útlit hans og möguleikana sem hann býður upp á,“ segir **Tonie Gertin Sørensen**, starfsmaður félagsins. „Eins og við mátti búast hafa komið upp einhverjir byrjunarörðugleikar, sérstaklega varðandi hlekki, en það er verið að fara kerfisbundið yfir þetta og laga jafnóðum.“

Ein af nýjungum vefsins er **SpjallAri**, fræðsluspjallmenni sem veitir áreiðanlegar upplýsingar um astma, ofnæmi og exem. SpjallAri er ekki læknir, en byggir á traustum heimildum og er hannaður til að vera fræðslufús og aðgengilegur stuðningur fyrir notendur vefsins.

„SpjallAri er hugsaður sem viðbót við fræðslustarf félagsins – ekki staðgengill heilbrigðisstarfsfólks, heldur hjálplegt tæki fyrir fólk sem vill fá almennar upplýsingar, leiðbeiningar og ábendingar,“ segir Tonie.

Félagið leggur mikla áherslu á að nýi vefurinn verði lifandi vettvangur í stöðugri þróun. Því er **hvatt eindregið til þess að félagsmenn og aðrir notendur sendi inn ábendingar**, bæði um efni sem vantar og það sem mætti bæta eða útfæra betur.

„Við viljum heyra hvað fólki finnst um nýja vefinn og hvað það saknar helst. Endurgjöf notenda er lykilatriði í því að vefurinn dafni og nýtist sem best,“ segir Tonie að lokum.

Aðalfundur félagsins – Takið daginn frá

Aðalfundur Astma- og ofnæmisfélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 14. apríl kl. 17:00 í húsakynnum SÍBS að Borgartúni 28A. Gengið er hægra megin inn í húsið og inn um innganginn til vinstri (vinsamlegast hringið bjöllunni ef ekki er opið).

Dagskrá:
Venjulega aðalfundarstörf.

Þeir sem óska eftir að sitja fundinn í gegnum fjarfundarbúnað eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skrifstofuna á ao@ao.is eða hringja í síma 560 4814 eða 552 2150 milli kl. 9 og 15 á mánudögum.

Allir félagsmenn hjartanlega velkomnir
Stjórn Astma- og ofnæmisfélags Íslands